

Mánudaginn 9. janúar 1989.

Nr. 395/1988. **Hótel Örk hf.**

gegn

**Framkvæmdasjóði Íslands
Búnaðarbanka Íslands og
öðrum sem veð eiga í
Breiðumörk 1 C í Hveragerði,
protabúi Helga Þórs Jónssonar, og
uppboðshaldaranum í Árnessýslu**

Kærumál. Uppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. október 1988 sem barst Hæstarétti 9. desember 1988. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 4. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Í bréfi uppboðshaldara til Hæstaréttar 21. desember 1988 kemur fram að hann hafi sama dag sent öllum veðhöfum í fasteigninni Breiðumörk 1 C í Hveragerði tilkynningu um framkomna kæru sóknaraðila og frest til að skila greinargerð í málinu.

Sóknaraðili krefst þess að hrundið verði þeirri ákvörðun uppboðshaldarans í Árnessýslu frá 19. október 1988 að hafna boði sóknaraðila í fasteignina nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði á uppboðsþingi 6. október 1988 að fjárhæð 230.000.000,00 krónur og taka 200.000.000,00 króna boði Framkvæmdastjóðs Íslands í eignina. Jafnframt er þess krafist að lagt verði fyrir uppboðshaldaranum að taka boði sóknaraðila.

Framkvæmdasjóður Íslands krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað og staðfest verði ákvörðun uppboðshaldarans í Árnessýslu frá 19. október 1988. Þá krefst sjóðurinn málskostnaðar.

Búnaðarbanki Íslands krefst þess að dómsathöfn uppboðshaldarans í Árnessýslu frá 19. október 1988 verði staðfest og sóknaraðili verði dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

Aðrir aðilar hafa ekki sent Hæstarétti athugasemdir.

Hinn 6. október 1988 var háð uppboðsþing að Breiðumörk 1 C, Hótel Örk, Hveragerði. Fyrir var tekið að halda þriðja uppboð á eigninni. Um það sem fram fór á uppboðsþingi þessu er meðal annars skráð í uppboðsbók:

„Lýsti uppboðshaldari eftir boðum í eignina Breiðumörk 1 C, Hveragerði.

Ólafur Garðarsson hdl. býður kr. 199.000.000,- f.h. Ó.O.K. h.f.

Hróbjartur Jónatansson hdl. býður kr. 200.000.000,- f.h. Framkvæmdasjóðs Íslands og krefst útlagningar.

Pétur Þór Sigurðsson hdl. býður kr. 230.000.000,- f.h. Hótel Arkar h.f.

Fleiri boð komu ekki fram.

Uppboðshaldari lét hamar falla til merkis um að sölutilraunum væri lokið.

Uppboðshaldari tekur sér 14 daga frest til að athuga framkomin boð.“

Hinn 19. október 1988 tilkynnti uppboðshaldarinn lögmanni sóknaraðila með símskeyti að boði hans á uppboðsþinginu 6. október 1988 hefði verið hafnað og hefði uppboðshaldarinn ákveðið að taka boði Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð 200.000.000,00 krónur. Lögmaður sóknaraðila mótmælti þessari ákvörðun uppboðshaldarans með símskeyti daginn eftir.

Sem svar við símskeyti uppboðshaldara átti sóknaraðili að sýna fram á að hann gæti fullnægt uppboðsskilmálum og krefjast formlegs úrskurðar um ákvörðun uppboðshaldara. Ekki liggur fyrir að uppboðshaldari myndi synja slíks úrskurðar.

Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti. Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.